

Ályktun um öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum

68. fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 ályktar að stjórnvöld tryggi að öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum verði eftt. Mikilvægt er að sjúkraflutningar séu í lagi á landi og í lofti. Löggæsla og fjarskipti verði tryggð með þeim hætti að það styðji við þá uppbyggingu sem er að eiga sér stað í samfélaginu, atvinnulífinu og ferðapjónustunni. Fjöldi íbúa og ferðafólks er að aukast og mikilvægt að þjónustan sé í takti við þá þróun.

Í könnun um bráðapjónustu utan þéttbýlisstaða sem gerð var á vegum heilbrigðisráðuneytisins kemur fram viðhorf fólks á landsbyggðinni til þjónustunnar. Á Vestfjörðum var hærra hlutfall svarenda en í öðrum landshlutum, sem taldi að bæta þurfi bráðapjónustu á vettvangi. Eins og staðan er í dag er erfitt að segja að lágmarksöryggi sé tryggt við vissar aðstæður og til að bæta þar úr þarf að taka aukið tillit til veðurfars, landfræðilegra aðstæðna og fjarskipta.

Brýnt er að þegar staðsetning sjúkraþyrlna er ákveðin þarf að gæta þess að öryggi á Vestfjörðum sé tryggt og farið verði í nauðsynlegar framkvæmdir við sjúkraflugvelli á svæðinu eins og bent er á í skýrslunni Öryggishlutverk lendingarstaða.

Töluverð þróun hefur átt sér stað innan heilbrigðisþjónustu í landinu varðandi fjarþjónustu. Til að hægt sé að nýta nýjungar og þróun á því sviði þurfa innviðir líkt og fjarskiptasamband að vera til staðar með fullnægjandi hætti.

Ítarefni:

<https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/12/30/Skyrsla-um-orvggi-lendingarstada/>

[https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Gallupk%
c3%b6nnun-br%c3%a1%c3%b0a%c3%bej%c3%b3nusta%20%c3%a1%20landsbygg%c3%b0inni.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Gallupk%c3%b6nnun-br%c3%a1%c3%b0a%c3%bej%c3%b3nusta%20%c3%a1%20landsbygg%c3%b0inni.pdf)

Allsherjarnefnd